

Fréttabréf AFLs

2. tbl. 2021

Dreift um allt Austurland

Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson



Hjúkrunarheimili

Stjórnvaldsklúður í framkvæmd

Þegar þetta blað kemur út er vonandi komin einhver lausn á flutningi á rekstri hjúkrunarheimilanna Hulduhlíðar og Uppsala til Heilbrigðisstofnunar Austurlands. Þegar þetta er skrifað er hins vegar mikil óvissa ríkjandi og samkvæmt trúnaðarmönnum AFLs á þessum heimilum er þrúgandi að vinna í þessari óvissu.

Fjarðabyggð, sem hefur þurft að leggja heimilunum til 120 milljónir króna á síðustu þremur árum – sagði upp rekstrarsamningi um heimilin fyrir sex mánuðum síðan. Frá því að uppsögnin var send hefur hins vegar ekkert verið unnið að undirbúningi þess að nýr rekstaraðili taki við.

Rekstur heimilanna var auglýstur. Ekkert fyrirtæki í heilbrigðisþjónustu sóttist eftir að yfirtaka heimilin og það var ekki fyrr en á allra síðustu vikum sem Heilbrigðisstofnun Austurlands var falið að taka yfir starfseminu og þá um næstu mánaðamót.

Ekki sömu samningar hjá ríki og sveitarfélögum

Síðan þá hafa borist mjög misvísandi skilaboð um það hvernig staðið verði að flutningi starfsmanna heimilanna yfir á launaskrá HSA. Ríki og sveitarfélög eru hvort með sinn kjarasamning um störf við aðhlyningu. Grunnlaun ríkisstarfsmanna eru lægri en hjá starfsmönnum sveitarfélaga sem vinna við sambærileg störf.

Erfitt er að fastsetja hverju munar í launum milli þessara samninga því launakerfin eru misjöfn að uppbyggingu, til dæmis er varðar



framgang í launatöflu eftir starfsaldri og símenntun. Bráðabirgðaskoðun AFLs sýnir hins vegar að hjá tilteknum starfsmönnum getur munað allt að 10–15 þúsund krónum í grunnlaun á mánuði og þá meira þegar vaktaálag er reiknað inn í myndina.

Deilt um lög um aðilaskipti

Lög um réttarstöðu launafólks við aðilaskipti fyrirtækja (nr. 72/2002) eru óljós hvað þetta varðar. Í fyrstu grein er tekið fram að lögin taki ekki til flutnings verkefna milli stjórnvalda en í annarri grein segir: „fyrirtæki er einstaklingur, félag, opinberir aðilar og aðrir þeir sem stunda atvinnurekstur án tillits til þess hvort slíkt er gert í hagnaðarskyni.“ Það hefur og komið í ljós að lögin eru túlkud með mismunandi hætti eftir því hver í

hlut á. Heilbrigðisráðuneytið hefur lýst því yfir að lögin eigi ekki við en Lára V. Júlíusdóttir, einn fremsti vinnuréttarlögfræðingur landsins og fyrrum dómari í félagsdómi, segir að lögin eigi við.

Ef niðurstaðan verður að lögin eigi við – þýðir það að HSA tekur yfir ráðningarkjör allra starfsmanna heimilanna og má ekki breyta þeim né segja starfsfólki upp nema tæknilegar, skipulagslegar eða efnahagslegar ástæður liggi þar að baki. HSA verður því komið með tvö launakerfi fyrir starfsfólk á hjúkrunarheimilum, en stofnunin rekur nú þegar hjúkrunarheimili á Egilsstöðum, Seyðisfirði og Norðfirði.

Verði hins vegar niðurstaðan að lögin gildi ekki – þarf Fjarðabyggð að segja öllum starfsmönnum upp og HSA að endurráða á sinn

kjarasamning. Sú leið er nánast óásættanleg bæði fyrir starfsfólk og Fjarðabyggð og ekki síst vistmenn heimilanna. Í fyrsta lagi gætu margir starfsmanna hreinlega afþakkað atvinnubod frá HSA og kosið að fá uppsagnarfrest sinn greiddan frá Fjarðabyggð og leitað sér síðan að starfi með haustinu. Í öðru lagi er mögulegt að HSA bjóði ekki öllum fyrrum starfsmanna upp á sambærilegt starf og þeir hafa í dag. Þetta þýðir að sjálfsögðu að öryggi starfsmanna er í uppnámi með því að ekki er víst að takist að manna heimilin við vistaskiptin.

AFL Starfsgreinafélag mun fylgjast með málinu og er í samskiptum við HSA vegna þess. Við höfum gert aðilum ljóst að við munum standa með félagsmönnum okkar og gæta hagsmuna þeirra í öllu.

Stofnanasamningar ýmist klárir eða á leiðinni

Þegar þetta er skrifað er allt útlit fyrir að gengið verði frá stofnanasamningum við HSU og HSA nú í vikunni og verða þeir kynntir á heimasíðu félagsins. Starfsgreinasambandið vinnur að gerð stofnanasamninga við Vegagerðina, Skógræktina,

Umhverfisstofnun og Vatnajökulsþjóðgarð og Veðurstofuna. Stofnanasamningur við Menntaskólann á Egilsstöðum var gerður snemma í janúar.

Þessi vinna er nauðsynleg þar sem ný launatafla tók gildi um síðustu áramót. Því þarf að raða öllum

starfsmönnum inn í nýju töfluna og er það gert í stofnanasamningi. Það hefur reynst vera mikil vinna en nauðsynleg, meðal annars til að tryggja að allir starfsmenn fái umsamdar hækkningar við vörpun í nýja töflu.

Launataflan tók gildi um síðustu áramót og verða því hækkningar sem verða með nýrri töflu greiddar afturvirkir frá áramótum við fyrstu launakeyrlu eftir að stofnanasamningi er lokið.

Hvað er gert með ábendingarnar?

Í orlofsíbúðum AFLs liggja frammi „ábendingablöð“ sem margir félagsmenn fylla út í lok orlofsdvalar. Eitt þeirra kom um daginn með ágæta fyrirspurn: Hvað verður um ábendingarnar?

1. Starfsfólk Sólar ræstinga safnar blöðunum saman. Farið er yfir þau daglega af verkefnisstjóra þar. Verkefnisstjórinn fer yfir blöðin með starfsfólki sem vinnur við ræstingarnar. Þegar ábending berst um þrif er tekið á því um leið og farið yfir málið með viðkomandi starfsmanni.

Í húsinu er nokkur lager af rekstrarvörum og búnaði og ef ábending snýr að þeim hluta bæta starfsmenn Sólar úr því. Ef ábending snýr að stærri hlutum, til dæmis húsgögnum eða stærri heimilistækjum, hefur verkefnisstjórinn samband við „yfirusjónarmann“ félagsins í Reykjavík.

Í Stakkholti erum við alltaf með auka þvottavélar, uppþvottavélar og ísskápa og er reynt að bregðast hratt við og skipta út biluðum tækjum.

2. Mánaðarlega sendir Sólar öll ábendingablöð liðins mánaðar til AFLs og eru þau þá skráð í gagnagrunn. Þar er haldið utan um hvers eðlis ábendingar eru og þær skráðar á hverja íbúð fyrir sig. Þannig eigum við núna nákvæma skrá frá 2017. Þetta gerir okkur kleift að fylgjast með því hvort óeðlilega margar ábendingar berist vegna tiltekinna íbúða eða vegna tiltekinna atriða og bregðast við því. Eitt af því sem við mælum er hversu hátt hlutfall félagsmanna segir að íbúðin hafi staðist væntingar.

Aðrar athugasemdir eru einnig skoðaðar og metið hvort grípa þurfi til sérstakra ráðstafana. Við fylgjumst líka með því hvort einstaka íbúðir fá óeðlilega margar athugasemdir eða hvort einstaka þættir eru að fá margar athugasemdir.

Viðhaldsáætlun okkar er síðan unnin með hliðsjón af niðurstöðum

þessara blaða en aðallega eru þau notuð við daglegt viðhald og eftirlit.

Nokkur atriði af ábendingablöðum:

1. Netsamband: Það var alls ekki nógu gott fyrstu mánuðina. Við fjölguðum þráðlausum sendum og síðan þá hefur netsamband verið ágætt. Það á að vera einn „lantengill“ í hverri íbúð.

2. Bílastæði: Við erum algerlega áhrifalaus um bílastæðamál í Reykjavík. Staði í bílakjallara eru merkt hverri íbúð en okkur er ómögulegt að fjölga bílastæðum úti. Við höfum bent fólki á bílastæðahús við Hverfisgötu.

3. Lín: Eins og gefur að skilja er mikil notkun á líni og handklæðum og talsvert gengur úr sér. Þegar línið verður lélegt – fjölgar mjög ábendingum um það. Til dæmis má benda á fjölda ábendinga í vikum 23-25 en þá gerðum við átak og skiptum út tugum laka og sængurvera og hentum því sem var lélegast. Í dag erum við með samkomulag við þvottahúsið, sem þvær fyrir okkur, um að þar sé lélegasta línið tekið út jafnóðum.

4. Þrif: Sólar hafa verið með ræstingar fyrir félagið í um átta ár og lengst af hefur sama starfsfólk sinnt verkefninu. Það á þó sín frí eða forfallast og oft sjáum við greinileg merki þess þegar þessir góðu starfsmenn eru í frí. Þá fjölgar ábendingum vegna þrifa.

Það er þó ástæða til að nefna að félagsmenn eru sjálfir ábyrgir fyrir að skila íbúðunum þokkalega góðum. Okkar starfsmenn skúra gólfín, fjarlægja óhreint lín og þrifa það sem

sést við fljóta yfirferð. Skipulagið gerir ráð fyrir að ræstingafólkið sé ekki meira en 20 mínútur í hverri íbúð. (Stærri hreingerningar eru gerðar að jafnaði tvisvar á ári).

5. Eldhúshöld og borðbúnaður:

Það berast helst ábendingar í kringum stórhátiðir um að ekki sé nóg af borðbúnaði. Íbúðirnar eru að sjálfsögðu ekki gerðar fyrir veisluhöld og við erum með staðlað úrval af borðbúnaði. Eitthvað gengur

úr sér og brotnar og starfsmenn reyna að fylla á eftir bestu getu en það er ekki farið í skápa og skúffur við hver leiguskipti og talið eða fyllt á. Farið er sérstaklega yfir búnað í íbúðum í desember ár hvert.

6. Dýnur: AFL lætur gera dýnur fyrir sig innanlands – hjá RB rúmum. Þetta eru sömu dýnur og eru á fjölda hótela um land allt. Þær eru miðaðar við „meðalmanninn“ og þess vegna kannski of linar fyrir suma en of harðar fyrir aðra. Nánast allar dýnur í íbúðum AFLs eiga að vera innan við 8 ára gamlar og síðustu eldri dýnum var skipt út á fyrra ári.


7. Grill: Það hafa borist ábendingar um að það vanti grill í íbúðirnar. Það var tekin ákvörðun fyrir mörgum árum um að hafa ekki gas-eða kolagrill í íbúðunum og eru nokkrar ástæður fyrir því. Reynolds af

Dæmi um athugasemdaþláð. Anægja með þjónustu.

sumarhúsum okkar er að það eru talsverð óþrif af grillunum og þau kalla á verulegt viðhald og þrif umsjónarmanna. Einnig myndi það þýða talsvert utanumhald með gasbirgðum og svo eldhættu.

8. Afruglarar og sjónvarp: Íbúðir AFLs eru bara með opnar íslenskar rásir í sjónvarpi og svo rásir af erlendum gervihnetti. Ekki er boðið upp á lokaða dagskrá Stöðvar 2 eða Sjónvarp Símans. Fyrir þremur árum fór félagið í átak og skipti út öllum sjónvarpstækjum og setti „snjallsjónvörp“ þannig að félagsmenn geti nýtt eigin áskriftir að Netflix eða öðrum dreifiveitum á einfaldan hátt.

Íbúðin stóðst væntingar



Félagsmenn AFLs

Á síðasta ári greiddu alls 8.684 félagar iðgjald til AFLs. Þar af höfðu 6.149 íslenskt ríkisfang og 2.535 erlent eða um 30%.

Í félaginu voru 4.716 karlar og 3.967 konur. 5.017 félagar voru undir 35 ára aldri.

Orlofssumar framundan

Opið er fyrir umsóknir um sumarhús AFLs 2021. Orlofsbæklingur félagsins hefur verið borinn í öll hús á félagssvæðinu og eins voru textaskilaboð send á um 5.000 félagsmenn. Allar upplýsingar um húsinn er að finna í orlofsbæklingnum.

Við tökum nú í notkun nýju húsinn okkar þrjú í Grímsnesi sem eru glæsileg og vel útbúin eins og sjá má á myndunum. Hér að neðan er stiklað á stóru varðandi atriði sem vert er að hafa í huga.

Tímabil

Húsinn standa flest til boða frá 4. júní til 27. ágúst. Eitt húsanna er aðeins í boði til 20. ágúst og annað er til 3. september. Aðeins eru leigðar heilar vikur – föstudag til föstudags. Leiga hefst kl. 16 á upphafsdegi og rýma þarf húsinn fyrir kl. 12 á skiladegi.

Leiguverð

Leiguverð í sumar er kr. 30.426 vikan.

Hvar?

Í nýjum orlofsbæklingi, sem borinn er í öll hús á félagssvæði AFLs, er fjallað um húsinn sem við bjóðum upp á í sumar. Við erum með hús á Einarstöðum á Völlum, á Illugastöðum í Fnjóskadal, Gláðheimum við Blönduós, Þurranesi í Dalabyggð, Ölfusborgum í Ölfusi, Minniborgum í Grímsnesi, Brekkuskógi í nágrenni Laugarvatns, Birkihlíð í Ölfusi og svo í Klifabotni í Lóni. Þetta eru alls 23 hús á ný svæðum.

Úthlutun

Umsóknarfrestur er til hádegis 12. apríl og lokast umsóknavefur kl. 12:00. Dregið verður úr umsóknum seinna þann sama dag og fá þeir sem fá úthlutað fá send textaskilaboð um það jafnóðum og úthlutað er. Þeir sem ekki fá úthlutað fá tölvupóst um það.

Forgangur

Þeir sem ekki hafa fengið úthlutað í þrjú ár eru í forgangi. Við miðum þá við þá sem hafa fengið orlofshús, annað hvort við sjálfa úthlutunina eða næstu 10 daga á meðan kemur í ljós hvaða hús koma aftur til úthlutunar. Þeir sem leigja hús af vefnum seinna um sumarið – skerða ekki möguleika sína á að vera í forgangi.

Staðfestingargjald

Greiða þarf 5.000 króna staðfestingargjald þegar úthlutað er. Gjaldfrestur á því er til 19. apríl.

Leiguverð þarf síðan að greiða að fullu fyrir 14. maí. Félagsmönnum er bent á að félagið sendir textaskilaboð með áminningu um gjalddaga en ekki verður um frekari eftirfylgni að ræða. Ef greiðslur berast ekki á tilskyldum tíma fellur leigan niður og húsinn er endurúthlutað. Staðfestingargjald er ekki endurgreitt þó svo að félagi hætti við leigu síðar.

Umgengni

Félagsmenn eiga sjálfir að þrifa húsinn við brottför og taka aðrir félagsmenn við þeim eins og þeir síðustu skildu við. Það þarf að þrifa heita potta í samræmi við leiðbeiningar á hverjum stað. Einnig þarf að þrifa grill. Gas er í öllum tilfellum innifalið í leiguverði og sjá umsjónarmenn um að skipta út gaskútum á opnunartíma sem kynntur er á leigusamningnum. Telji umsjónarmenn viðskilnað það slæman að kalla þurfi út starfsmann til að þrifa bústaðinn – er innheimt fyrir öllum aukakostnaði vegna þessa.

Ólæti og ónáði

Ef félagsmenn eru til leiðinda og ónáðis í orlofshúsum er það mat umsjónarmanna á hverjum stað til hvaða ráðstafana er gripið. Sem betur fer hefur venjulega verið nóg að biðja fólk að stilla gleðinni í hof og hefur fólk tekið tillit til þess. Í algerum undantekningartilvikum hefur þurft að fjarlægja fólk úr orlofshúsum og vísa því út úr orlofsbyggð. Því fylgja svo eftirmál hjá félaginu.

Afbókanir og forföll

Reglur félagsins um afbókanir eru þannig að ef afbókað er með 10 daga fyrirvara eða meira er leiga endurgreidd að frádregnu staðfestingargjaldi. Ef afbókað er innan við 10 daga þar til leiga hefst er ekki endurgreitt nema það takist að endurleigja bústaðinn. Staðfestingargjald er þó ekki endurgreitt.

Biðlistar

Þegar úthlutað er í sumarhúsinn er það gert þannig að dregið er á milli allra umsókna fyrir hvert hús. Fyrst milli þeirra sem eru í forgangi og svo milli hinna. Þegar búið er að úthluta þeim efsta (efstu) af listanum húsinn – taka aðrir sæti á biðlista í þeirri röð sem þeir drögust í. Farið er eftir þessum biðlistum þegar endurúthlutað er í hús.



Frá nýjum orlofshúsum AFLs í Grímsnesi



Áhrif Covid-19 á starfsemi og afkomu AFLs

Nú er verið að leggja lokahönd á ársreikninga AFLs og eru því áhrifin af Covid-19 að verða greinileg og mælanleg í tölum. Félagið stendur algerlega óskaddað eftir þessar hamfarir sem sem gengið hafa yfir atvinnulífið síðustu 12 mánuði en áhrif á rekstur eru samt vel mælanleg.

Ef borin voru saman árin 2019 og 2020 voru um 700 fleiri félagsmenn að störfum á félagssvæðinu sumarmánuðina 2019 en sömu mánuði í fyrra. Stórar atvinnugreinar á félagssvæðinu urðu ekki fyrir neinum truflunum og skýrir það að miklu leyti að afkoma félagsins varð viðunandi þegar upp var staðið.

Þegar landið opnaðist í fyrrasumar og Íslendingar lögðust í ferðalög innanlands kom smá kippur í ferðaiðnaðinn og á tímabili voru gistirými víðast hvar uppbókuð.

Engu að síður var árið í fyrra fyrsta ár í langan tíma þar sem ekki varð hækkun á iðgjaldatekjum milli ára en tekjur AFLs voru nánast óbreyttar að krónutölu milli 2019 og 2020. Tekjutap félagsins varð því aðallega tap „væntrar hækkunar“ á tekjum. Útgjöld héldu hins vegar áfram að hækka í takt við verðlag.

Minna félagsstarf, meira netefni

Þó urðu miklar sveiflur í útgjöldum félagsins og þannig lækkaði kostnaður við „félagslegt starf“ um 50% þar sem lítið var um fundahöld, trúnaðarmannanámskeið féllu niður og almennur ferða- og fundakostnaður minnkaði stórlega. Á móti hækkaði auglýsinga- og prentkostnaður og annar kostnaður við að koma starfinu meira á netið og við að koma upplýsingum til félagsmanna. Lagt var í átak við að gera „mínar síður“ skilvirkari og

gagnvirkari þannig að félagsmenn gætu sinnt erindum sínum við félagið þar því heimsóknir á skrifstofur félagsins drógust verulega saman.

Hvað orlofssjóð varðar drógust tekjur vegna orlofsíbúða saman um 17% og tekjur vegna annarra orlofskosta, svo sem sala flugkóða, veiðikorta og annarra kosta, dróst saman um 40%. Á móti kom að kostnaður vegna þessara þátta í starfi orlofssjóðs er að mestu leyti breytilegur kostnaður og því drógust útgjöld einnig saman.

Svo virðist sem Covid-19 hafi ekki haft veruleg áhrif á sjúkrasjóð því þó svo að sjúkradagpeningar hafi hækkað talsvert milli ára, eða um tæp 20%, verður ekki nema lítil hluti þeirrar hækkunar rakinn til Covid. Styrkir sjúkrasjóðs voru ívið lægri en árið á undan.

Hvað breytist varanlega?

Sennilegt er að margar af þeim breytingum sem orðið hafa á síðasta ári muni vinna sér sess. Félagsmenn sem á síðasta ári hafa tamið sér að bóka íbúðir eða sækja um styrki á „mínunum sínum“ munu væntanlega halda því áfram að mestu. Stjórn hefur haldið flesta stjórnarfundum með fjarfundabúnaði síðustu mánuði og útlit er fyrir að það haldi áfram. Alþýðusambandið hefur gengist fyrir trúnaðarmannafræðslu á netinu og þannig hefur verið unnt að bjóða trúnaðarmönnum fræðslu þó svo að sérstök námskeið hafi fallið niður.

Það má þó ekki gleyma því að maður er manns gaman og ekkert kemur í staðinn fyrir samverustundir til að tryggja samheldni og samstöðu í hóp. Það er því næsta öruggt að þegar landið opnar og samkomutakmarkanir hverfa – að AFL mun boða til funda, námskeiða og ráðstefna og treysta samstöðu þeirra félagsmanna sem taka þátt í starfinu.

Samningar á álverslóð

AFL sagði fyrir tæpu ári síðan upp kjarasamningi við Samtök Atvinnulífsins, ALCOA Fjarðaál og 8 fyrirtæki sem öll vinna sem undirverktakar á álverslóð. Félagið frestaði tilraunum til að fá viðræður í fyrrasumar með tilliti til þess ástands sem þá var vegna Covid-19. Við vildum með því sýna tillitsemi því önnur verkefni væru mikilvægari, t.d. samningur AFLs og Rafiðnaðarsambandsins við ALCOA. Samningur okkar við undirverktaka var með tengingu inn í almenna samninga Starfsgreinasambandsins og Samiðnar þannig að þeim sem unnu á grundvelli samnings AFLs við undirverktaka, voru tryggðar samningsbundnar hækkningar.

Engu að síður eru nokkur atriði sem við teljum mikilvægt að endurskoða í samningum við undirverktaka á ALCOA lóð – m.a. vinnutímastyttingu og jöfnun kjara á lóðinni.

AFL sendi nú fyrir nokkru síðan erindi til allra samningsaðila, og afrit á ríkissáttasemjara, með ósk um gerð viðræðuáætlunar. Engin viðbrögð hafa borist frá Samtökum Atvinnulífsins eða ALCOA Fjarðaáli en óformleg samtöl hafa verið við nokkur af aðildarfyrirtækjum samningsins.

AFL mun því væntanlega vísa þessari deilu til ríkissáttasemjara og óska eftir aðkomu hans að því að fá viðræðuáætlun og að koma viðræðum í gang.

Kjaraviðræður sjómanna

Enn miðar lítið í kjaraviðræðum sjómanna. Sjómannasambandið vísaði kjaradeilu sinni til ríkissáttasemjara fyrir skömmu og hefur einn fundur verið haldinn undir hans stjórn. Sjómannasambandið lagði fram nýja kröfu á fundi í síðustu viku um að tenging skiptaverðs við heimsmarkaðsverð olíu yrði alfarið afnumin og að skiptaverði yrði 76% af aflaverðmæti. (75% af FOB verði á frystiskípum, 72% af FOB verði á sjófrystri rækju.)

Útgerðarmenn halda enn fast við kröfur sem þeir lögðu fram 2011 um aukna þátttöku sjómanna í kostnaði útgerða, meðal annars vegna veiðigjalda, tryggingagjalds og tryggingum. Þá kvarta útgerðarmenn yfir því að sjómenn komi ekki sameinaðir að samningaborðinu.

Eins og sjómenn vita þá voru þeir saman í Sjómannasambandi Íslands sem hefur farið með samningamál íslenskra sjómanna síðustu 60 árin en Sjómannafélag Ísland (áður Sjómannafélag Reykjavíkur) klauf sig út úr Sjómannasambandinu fyrir rökum 10 árum og Sjómannafélag Grindavíkur fyrir fjórum árum.

Sjómannasambandið reyndi samflot við þessi félög í síðustu

kjarasamningum en samningar sem gerðir voru í nóvember 2016 voru felldir og beittu forystumenn Sjómannafélags Íslands og Grindavíkur sér m.a. fyrir því – þrátt fyrir að hafa sjálfir skrifað undir samninginn. Við tók verkfall fram í lok febrúar með miklum tilkostnaði sjómanna en takmörkuðum ávinningi ef lítið er til samningsins sem síðar var undirritaður og samþykktur.

Sjómenn í Sjómannasambandinu eru tilbúnir til samstarfs við aðra sjómenn – en gera þá kröfu að samstarfið sé af heilindum, að þeir sem skrifa undir kjarasamning geri það af því þeir telji samninginn ásættanlegan og treysti sér til að mæla með honum við féлага sína. Þeir sem skrifa undir samning og berjast síðan gegn samþykkt þessa sama samnings koma í bakið á félögum sínum og koma í veg fyrir samstöðu.

Sjómenn í AFLi eru óhræddir við að fara í vinnudeilur og verkföll – eins og saga félagsins ber með sér. Við gerum þó þá kröfu að verkföll skili árangri og að þeir sem leggja af stað með okkur í hverja vegferð standi með okkur til enda og hafi fjárhagslega burði til að taka harðar vinnudeilur.

Vinnutímastytting tekur gildi

1. maí hjá vaktavinnufólki

Stytting vinnuvikunnar tekur gildi hjá félagsmönnum sem starfa í vaktavinnu hjá íslenska ríkinu og sveitarfélögunum þann 1. maí. Samhliða styttingunni verður umfangsmikil breyting á vaktavinnukerfinu eins og við þekkjum það í dag. Sett hefur verið upp upplýsingasiða í tengslum við verkefnið, www.betrivinnutimi.is/ vaktavinna, þar sem nálgast má gagnlegar upplýsingar. Félagsmenn

eru hvattir til að kynna sér vel þessar breytingar.

Í samræmi við kjarasamninginn eiga stofnanir að leggja fram drög að vaktaskrá 6 vikum áður en hún á að taka gildi og endanlega vaktaskrá mánuði áður en fyrsta vakt samkvæmt henni hefst. Stofnanirnar eru því þessa dagana að leggja fram fyrstu vaktaskrár í breyttu umhverfi.